

Samantekt um gæðamat dilkakjöts 2003

Stefán Vilhjálmsson, Óli Þór Hilmarsson og Valur Norðri Gunnlaugsson

Inngangur

Kjötmat samkvæmt EUROP-kerfinu var tekið upp fyrir kindakjöt á Íslandi haustið 1998. Í EUROP-kerfinu er holdfylling skrokka metin í fimm aðalflokka (E, U, R, O og P), þar sem E er best og P lakast. Fita er einnig metin í fimm aðalflokka (1, 2, 3, 4 og 5), auk undirflokksins 3+, þar sem 1 er minnst og 5 mest.

Samanburður árána 1999–2003

Áhugavert er að bera saman niðurstöður kjötmatsins milli ára og sjá hver þróunin hefur orðið. Hlutfallsleg flokkaskipting er reiknuð af fjölda. Notaðar eru tölur úr hefðbundinni sláturtíð (sept.–okt.). Þeir aðalþættir sem hafa áhrif á flokkunina eru annars vegar árferði og vaxtarskilyrði lambanna því tengd og hins vegar búfjárræktunin. Ytri skilyrðin hafa áhrif á þyngd lambanna og aukinni meðalvigt fylgja, að öðru jöfnu, betri holdfylling og meiri fita.


Álykta má að betri holdfylling 2002 en 2001 (meira í R, minna í O), þrátt fyrir örlítið lægri meðalvigt, tengist ræktunarstarfinu. Sú þróun heldur áfram og jafnframt hækka meðalvigt milli ára um 0,3 kg haustið 2003. Afleiðingin er metar í holdfyllingu en um leið einnig í fitu.

Við samanburð á flokkun eftir EUROP-kerfinu er hentugt að nota tölugildi fyrir hvern flokk og hlutfallslega skiptingu í flokka. Tölugildin eru frá 1–15, þegar allir undirflokkar eru notaðir, og fyrir þá flokka sem notaðir eru hérlandis eru gildin þessi:


Holdfl.	E	U	R	O	P	Fitufll.	1	2	3	3+	4	5
Tölugildi	14	11	8	5	2	Tölug.	2	5	8	9	11	14

Meðalgildi holdfyllingar 2003 var 7,46, sem samsvarar R-. Meðalgildi fitu, 6,92, samsvarar 2+, rétt við mörk fituflokka 2 og 3.

Skipting skrokka í holdfyllingarflokka 1999–2003




Skipting skrokka í fituflokka 1999–2003




Samanburður eftir sláturtíma 2003

Árið 2003 var sláttrað 3991 dilk í jan.-júní, 23.882 í júlí-ágúst, 453.110 í sept.-okt. og 40.434 í nóv.-des., alls 521.357 dilkum (8.024 tonn). Sumarslátrun eykst um 100% milli ára og síðslátrun um 33%. Greinilega sést hve lömbunum hættir til að safna fitu þegar á líður. Meðalvigt og meðalgildi holdfyllingar eru svipuð í sumarslátrun og síðslátrun, en meðalgildi fitu hækka úr 6,20 í 7,05.

Meðalgildi holdfyllingar og fitu og meðalvigt skrokka 1999–2003



Meðalvigt og meðalgildi holdfyllingar og fitu skrokka eftir sláturtíma 2003



Matra er samstarfsvettvangur RALA og löntæknistofnunar. Tilgangur Matra er að stunda rannsóknir og þróun á matvælum til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.